

**Nd.**

## **825. Breytingartillaga**

við frv. til laga um landnám, nýbyggðir og endurbyggingar í sveitum.

Frá Skúla Guðmundssyni.

Við 17. gr. bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:

Heimilt er nýbýlastjórn að veita lántakanda óafturkræft framlag úr sjóðnum, er samsvari þeim stuðningi, er hann yrði aðnjótandi með vaxtalækkun á láni því, sem hann gæti fengið samkv. 14. gr., miðað við venjulegan lánstíma og að lækkun ársvaxanna nemi 2%. Þegar slíkt framlag er veitt, skal lántakandi greiða 4% árs-  
vexti af því láni, er hann fær hjá sjóðnum, og má þá lánveiting til hans eigi nema meiru en 50% af kostnaðarverði þeirra bygginga, sem lánið er veitt til.